

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 543/2009

2014/EES/64/52

frá 18. júní 2009

um hagskýrslur um nytjaplöntur og niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 837/90 og (EBE) nr. 959/93 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

- 2) Hagskýrslur um nytjaplöntur skipta sköpum fyrir stjórnun á mörkuðum Bandalagsins. Ennfremur er talið nauðsynlegt að hagskýrslur um grænmeti og fjölærar nytjaplöntur séu taldar með til viðbótar við hagskýrslur um kornvörur og aðra uppskeru af akurlandi, sem löggjöf Bandalagsins gildir nú um.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

- 3) Til að tryggja tilhlýðilega stjórnun á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni krefst framkvæmdastjórnin þess að gögn um svæði, afrakstur og framleiðslu nytjaplantna séu lögð fram reglulega.

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 frá 19. nóvember 2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluáðferðum í landbúnaði ⁽⁵⁾ er kveðið á um áætlun fyrir Bandalagskannanir til að ná fram hagtölum um framleiðsluskipan á bújörðum til ársins 2016.

- 1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90 frá 26. mars 1990 um skýrslugerð aðildarríkjanna um kornrækt ⁽²⁾ og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 959/93 frá 5. apríl 1993 um tölfræðilegar upplýsingar sem aðildarríkjunum ber að skila um aðrar ræktunaraferðir en korn ⁽³⁾ hefur verið breytt nokkrum sinnum. Þar sem frekari breytingar og einfaldanir eru nú nauðsynlegar skal, fyrir skýrleika sakir og í samræmi við nýja aðferð við einföldun á löggjöf Bandalagsins og betri reglusetningu ⁽⁴⁾, ein reglugerð koma í stað þessara reglugerða.

- 5) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) ⁽⁶⁾, á að nota flokkun hagskýrslusvæða í öllum hagskýrslum aðildarríkjanna sem sendar eru framkvæmdastjórninni og sundurliðaðar eru eftir hagskýrslusvæðum. Af þessum sökum ætti að skilgreina hagskýrslusvæði í samræmi við NUTS-flokkunina til að koma á fót sambærilegum svæðishagskýrslum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 167, 29.6.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 59.

⁽¹⁾ Álit Evrópuþingsins frá 19. febrúar 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. júní 2009.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 88, 3.4.1990, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 98, 24.4.1993, bls. 1.

⁽⁴⁾ Samstarfssamningur milli stofnana um betri lagasetningu (Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 321, 1.12.2008, bls. 14.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1.

- 6) Til að takmarka álag á aðildarríki skulu kröfur um svæðisgögn ekki ganga lengra en þær kröfur sem komið var á með fyrri löggjöf nema ný svæðisbundin þrep hafi orðið til í millitíðinni. Af þessum sökum þykir rétt að heimila að svæðisbundin hagskýrslugögn fyrir Þýskaland og Bretland séu lögð fram einungis vegna flokkunar NUTS 1 hagskýrslusvæðanna.
- 7) Náið samstarf á milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar, einkum með aðstoð fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 72/279/EBE frá 31. júlí 1972⁽¹⁾, er nauðsynlegt til að auðvelda framkvæmd þessarar reglugerðar.
- 8) Til að tryggja snurðulaus umskipti frá því fyrirkomulagi sem í gildi var samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 837/90 og (EBE) nr. 959/93, ætti með þessari reglugerð að heimila að aðildarríki, þar sem hagskýrslukerfi myndu þarfnast verulegrar aðlögunar við upptöku reglugerðarinnar og hún myndi líklega valda umtalsverðum raunhæfum vandamálum, fái umbreytingartíma til allt að tveggja ára.
- 9) Ráðstafanirnar fyrir hagskýrslugerð sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru nauðsynlegar til að framkvæma starfsemi Bandalagsins. Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegum lagaramma um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um ræktuð svæði, afrakstur og framleiðslu á korni og öðrum nytjaplöntum en korni í aðildarríkjunum og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessu markmiði.
- 10) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur⁽²⁾ er settur fram viðmiðunarrámi fyrir ákvæði þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar samræmi við staðla um óhlutdrægni, áreiðanleika, mikilvægi, kostnaðarhagkvæmni, trúnaðarkvaðir í hagskýrslum og gagnsæi, og fyrir afhendingu og vernd hagskýrslugagna sem háð eru trúnaðarkvöðum eins og kveðið er á um samkvæmt þessari reglugerð, til að tryggja að upplýsingar verði hvorki birtar ólöglega né notaðar í öðrum tilgangi en tölfræðilegum þegar hagskýrslur Bandalagsins eru lagðar fram og þeim miðlað.
- 11) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽³⁾.
- 12) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt vald til að breyta afhendingartöflunum. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalítlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalítlum atriðum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 13) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara⁽⁴⁾ er kveðið á um skyldu til að senda framkvæmdastjórninni viðeigandi tölfræðilegar upplýsingar, eins og þær eru skilgreindar innan ramma hagskýrsluáætlunar Bandalagsins. Þar sem viðurkennt er að þörf er á kerfisbundinni hagskýrslugerð Bandalagsins um lífræna framleiðslu og búskap, er gert ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin muni grípa til viðeigandi aðgerða, þ.m.t. að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að taka á þessum málum á fullnægjandi hátt.
- 14) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á þær hagskýrslur sem aðildarríki leggja sjálfviljug fram fyrir snemmbúið mat á plöntuafurðum (e. *Early Estimates for Crop Products* (EECP)).
- 15) Samráð hefur verið haft við fastanefnd um landbúnaðarskýrslur,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um land til landbúnaðar og ræktun nytjaplantna.

2. gr.

Skilgreiningar og nánari útlitun

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „uppskeruár“: það almanaksár þegar byrjað er að uppskera,
- b) „hagnýtt landbúnaðarsvæði“: heildarsvæði á bújörðunum, notað sem akurland, fastagraslendi, fyrir fjölarar nytjaplöntur og matjurtagarða, óháð tegund ábúðar eða hvort það er notað sem almenningur,
- c) „ræktunarland“: svæði sem svarar til þess heildarsvæðis sem sáð er í, en eftir uppskeru eru eyðilögð svæði undanskilin (t.d. vegna náttúruhamfara),

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

- d) „land fyrir tiltekna ræktun“: svæði sem svarar til þess heildarsvæðis sem sáð er í til að rækta tilteknar nytjaplöntur á ákveðnu ári,
- e) „uppskerusvæði“: sá hluti svæðis fyrir tiltekna ræktun sem uppskorið er af í raun. Það getur því verið jafnstórt eða minna en landið fyrir tiltekna ræktun,
- f) „ræktunarsvæði“: í tengslum við fjölærar nytjaplöntur, svæði sem mögulegt er að fá uppskeru af á viðmiðunarpöskunarárinu. Svæði sem ekki er uppskorið af, t.d. nýjar plantekrur sem ekki hefur enn verið uppskorið af, eru ekki talin með,
- g) „uppskorin framleiðsla“: framleiðsla að meðtöldu tjóni og sóun á bújörðinni, því magni sem neytt er á býlinu og því magni sem fer á markað, gefin upp í þyngdareiningum grunnafurðarinnar,
- h) „afrakstur“: uppskorin framleiðsla af ræktunarlendi,
- i) „gróðurhúsaræktun eða ræktun í háu (aðgengilegu) skýli“: nytjajurtir sem vaxa allan eða stærsta hluta líftíma síns í gróðurhúsi eða undir föstu eða færanlegu skýli (úr gleri eða stífu eða sveigjanlegu plasti). Hér er undanskilið plast sem er lagt á jörðina, einnig ræktun undir hjálmum eða í göngum, sem eru ekki aðgengileg fólki, eða undir færanlegum vermireitum. Ræktunarsvæði, sem eru um tíma undir gleri og í annan tíma undir berum himni, skal skrá sem svæði eingöngu undir gleri nema þau séu undir gleri í afar stuttan tíma,
- j) „aðalsvæði“: svæði á tiltekinni landspildu sem hefur aðeins verið notað einu sinni á tilteknu ræktunarári og ber ótvíræð merki um þá notkun.

2. „Skiptiræktun“: vísar til spildu akurlands sem er notuð oftast en einu sinni á tilteknu ræktunarári en í hvert skipti er aðeins ræktuð ein tegund af nytjaplöntum. Svæðið skal talið ræktunarlend fyrir hverja af þeim nytjaplöntum sem verið er að rækta í það skipti. Hugtökin um aðal- og aukasvæði eiga ekki við í þessu samhengi.

„Samræktun“: samsetning nytjaplantna sem eru ræktaðar samtímis á spildu lands til landbúnaðar. Ræktunarlendinu sem hér um ræðir er skipt á milli nytjaplantnanna í hlutfalli við landsvæðið þar sem þær eru ræktaðar. Hugtökin um aðal- og aukasvæði eiga ekki við í þessu samhengi.

„Nytjaplöntur með tvíþætt not“: nytjaplöntur sem hægt er að nota á fleiri en einn hátt eru samkvæmt venju taldar nytjaplöntur eftir aðalnotkun þeirra og sem aukanytjaplöntur fyrir önnur not sem hafa má af þeim.

3. gr.

Gildissvið

1. Hvert aðildarríki skal leggja fram hagskýrslur um þær nytjaplöntur sem skráðar eru í viðaukanum og framleiddar eru á hinu hagnýta landbúnaðarsvæði á yfirráðasvæði þess.

2. Hagskýrslur skulu vera lýsandi fyrir a.m.k. 95% af eftirfarandi svæðum:

- heildarræktunarlend nytjaplantna af akurlendi (tafla 1),
- heildarlend sem grænmeti, melónur og jarðarber eru uppskorin af (tafla 2),
- heildarræktunarsvæði fjölærna nytjaplantna (tafla 3),
- hagnýtt landbúnaðarsvæði (tafla 4).

3. Breytur með lágt eða ekkert algengi í aðildarríki má undanskilja frá hagskýrslunum, að því tilskildu að umrætt aðildarríki tilkynni framkvæmdastjórninni, við lok þess almanaksárs sem er næst á undan hverju viðmiðunartímabilanna, um allar slíkar nytjaplöntur og um gildandi viðmiðunarmörk fyrir lágt algengi fyrir hverja og eina slíka nytjaplöntu.

4. gr.

Tíðni og viðmiðunartímabil

Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni árlega í té þau gögn sem um getur í viðaukanum. Viðmiðunartímabilið skal vera uppskeruárið. Fyrsta viðmiðunarárið skal vera 2010.

5. gr.

Kröfur um nákvæmni

1. Aðildarríki sem gera úrtakskannanir til að afla hagskýrslugagna skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að gögnin í töflu 1 uppfylli eftirfarandi kröfur um nákvæmni: fráviksstuðull gagnanna sem leggja skal fram fyrir 30. september árið $n + 1$ skal ekki fara yfir 3% af ræktunarlendi á landsvísu fyrir hvern eftirfarandi hóp af aðalnytjaplöntum: kornvörur til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ), þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blanda af kornvörum og belgjurtum), rótarávestir, iðnaðarplöntur og plöntur sem eru uppskornar í grænfróður.

2. Aðildarríki sem ákveður að nota aðrar tölfræðilegar upplýsingar en tölfræðikannanir sem heimildir, skal tryggja að upplýsingarnar sem fengnar eru frá slíkum heimildum séu a.m.k. jafn góðar og upplýsingar sem fengnar eru úr tölfræðikönnunum.

3. Aðildarríki sem ákveður að nota stjórnsýsluheimild skal tilkynna framkvæmdastjórninni það fyrirfram og leggja fram upplýsingar um aðferðina sem nota á og gæði gagnanna frá þeirri stjórnsýsluheimild.

6. gr.

Afhending til framkvæmdastjórnarinnar

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) gögnin í viðaukanum innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru fyrir hverja töflu.

2. Framkvæmdastjórnin má aðlaga afhendingartöflunarnar eins og þær koma fram í viðaukanum. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalítlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 9. gr.

7. gr.

Svæðisbundnar hagskýrslur

1. Þau gögn fyrir nytjaplöntur sem merkt eru með „R“ í viðaukanum skulu lögð fram samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða 1 og 2 (NUTS 1 og NUTS 2) eins og þau eru skilgreind í reglugerð (EB) nr. 1059/2003. Þýskaland og Bretland hafa undanþágu til að leggja fram gögn samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða 1.

2. Breytur með lágt eða ekkert algengi í aðildarríki má undanskilja frá svæðishagskýrslunum, að því tilskildu að aðildarríkið tilkynni framkvæmdastjórninni, við lok þess almanaksárs sem er næst á undan hverju viðmiðunartímabilanna, um allar slíkar nytjaplöntur og um gildandi viðmiðunarmörk fyrir lágt algengi fyrir hverja og eina slíka nytjaplöntu.

8. gr.

Tölfræðileg gæði og tölfræðiskýrsla

1. Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi gæðaviðmið um þau gögn sem skal skilað:

- „mikilvægi“, sem vísar til þess að hve miklu leyti hagskýrslur uppfylla núverandi og hugsanlegar þarfir notenda,
- „nákvæmni“, sem vísar til þess hversu nærri áætlanir eru óþekktum sanngildum,
- „innan tímamarka“, sem vísar til tímabilsins frá því atburður eða fyrirbæri eiga sér stað þar til upplýsingarnar, sem lýsa þeim, verða tiltækar,
- „rétt tímasetning“, sem vísar til tímans milli birtingardags gagna og áætlaðs markdags (þ.e. dagsins þegar hefði átt að afhenda gögnin),
- „aðgengileiki“ og „skýrleiki“, sem vísar til þeirra skilyrða og með hvaða hætti notendur geta fengið gögn, notað þau og túlkað,
- „samanburðarhæfi“, sem vísar til mats á áhrifum af mismunandi beitingu hagtoluhugta, mælitækja og verklagsreglna þegar bornar eru saman hagtolur mismunandi landssvæða, greinasviða eða tímabila,
- „samfella“, sem vísar til þess að unnt er að setja gögnin margvíslega saman og í margvíslegum tilgangi á áreiðanlegan hátt.

2. Á þriggja ára fresti, í fyrsta skipti fyrir 1. október 2011, skulu aðildarríki láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té skýrslur um gæði þeirra gagna sem send eru.

3. Með því að nota þau gæðaviðmið sem um getur í 1. mgr. skal gæðaskýrslan lýsa:

- skipulagningu kannananna sem falla undir þessa reglugerð og aðferðafræðinni sem notuð er,
- því nákvæmnisstigi sem náð var fyrir þær úrtakskannanir sem um getur í þessari reglugerð og
- gæðum annarra heimilda en kannana sem notaðar eru.

4. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar aðferðafræðilegar breytingar eða aðrar breytingar sem gætu haft umtalsverð áhrif á hagskýrslurnar. Þetta skal gert eigi síðar en þremur mánuðum eftir að breytingin öðlast gildi.

5. Tekið skal tillit til þeirrar meginreglu að viðbótarkostnaður og álag sé innan hæfilegra marka.

9. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar 72/279/EBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.–4. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

10. gr.

Undanþága

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við stjórnarnefndarmeðferð sem um getur í 2. mgr. 9. gr., að veita aðildarríki undanþágu frá þessari reglugerð til 31. desember 2010, eða til 31. desember 2011, kalli upptaka reglugerðarinnar á verulegra aðlögun á hagskýrslukerfi aðildarríkisins og hún sé líkleg til að valda umtalsverðum raunhæfum vandamálum.

2. Í þessu skyni skal aðildarríki leggja fram rökstudda beiðni til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 31. júlí 2009.

11. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EBE) nr. 837/90 og reglugerð (EBE) nr. 959/93 eru hér með felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2010, með fyrirvara um 2. málsgrein.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

2. Þrátt fyrir aðra undirgrein 12. gr. skal aðildarríki sem hefur fengið undanþágu í samræmi við 10. gr. halda áfram að

beita ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 837/90 og (EBE) nr. 959/93 á meðan undanþágan er í gildi.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2010. Ákvæði 10. gr. gilda þó frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júní 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

Š. Š. FÜLE

forseti.

VIÐAUKI

TAFLA I

Nytjaplöntur af akurlandi

A-HLUTI

Afhendingarfrestur	Ræktunarland (1000 hektarar)						Uppskorin framleiðsla (1000 tonn)				Afrakstur (100 kg/ha)
	31. jan.	30. jún.	31. ág.	30. sept.	31. jan.	30. sept.	30. sept.	31. okt.	31. jan.	30. sept.	31. ág.
	árið n	árið n	árið n	árið n	árið n + 1	árið n + 1	árið n	árið n	árið n + 1	árið n + 1	árið n
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
	Aðildarríki yfir viðmiðunar mörkum	Aðildarríki yfir viðmiðunar mörkum	Aðildarríki yfir viðmiðunar mörkum	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Aðildarríki yfir viðmiðunar- mörkum
Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn) (*)	—	—	—	—	X	R	—	—	X	R	—
Kornvörur (að undanskildum hrísgrjónum (*))	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
Hveiti og spelt (*)	—	X	X	X	X	R	X	X	X	R	X
þar af: Hausthveiti (*)	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Harðhveiti (*)	X	X	X	X	X	R	X	X	X	R	X
Rúgur og blanda úr hveiti og rúgi (*)	X	X	X	X	X	R	X	X	X	R	X
Bygg (*)	—	X	X	X	X	R	X	X	X	R	X
þar af: Vetrarbygg (*)	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Hafnar (*)	—	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Kornblanda, önnur en blanda úr hveiti og rúgi (*)	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
Maiskorn og maiskólfablanda (*)	—	X	X	X	X	R	X	X	X	R	X
Dúrra ^v	—	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Rúghveiti (*)	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Hirsi, bókhveiti, kanarífræ (*)	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
Hrísgrjón (*)	—	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
þar af: Indica	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
Japonica	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—

B-HLUTI

Afhendingarfrestur	Ræktunarland (1000 hektarar)						Uppskorin framleiðsla (1000 tonn)				Afrakstur (100 kg/ha)
	31. jan.	30. jún.	31. ág.	30. sept.	31. mars	30. sept.	30. sept.	31. okt.	31. mars	30. sept.	31. ág.
	árið n	árið n	árið n	árið n	árið n + 1	árið n + 1	árið n	árið n	árið n + 1	árið n + 1	árið n
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
	Aðildarríki yfir viðmiðunar mörkum	Aðildarríki yfir viðmiðunar mörkum	Aðildarríki yfir viðmiðunar mörkum	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Öll aðildarríki	Aðildarríki yfir viðmiðunar- mörkum
Þurkaðar belgjurtir og prótínjurtir til framleiðslu á korni (þ.m.t. fræ og blanda af kornvörum og belgjurtum) (*)	—	—	—	—	X	R	—	—	X	X	—
Gráertur (*)	—	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Breiðbaunir og hestabaunir (*)	—	X	X	X	X	X	—	X	X	X	—
Sætar úlfabaunir (*)	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
Aðrar þurkaðar belgjurtir ót. a.	—	—	—	—	X	X	—	—	—	—	—
Rótaráxextir	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
Kartóflur (þ.m.t. sumarkartóflur og útsæði)	—	X	X	X	X	X	—	X	X	X	—
Sykkurrófur (þó ekki fræ)	—	X	X	X	X	R	—	X	X	R	—
Aðrir rótaráxextir ót. a.	—	—	—	—	X	X	—	—	—	—	—
Iðnaðarplöntur	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
Repja og akurfrækál (*)	—	X	X	X	X	R	X	X	X	R	X
þar af: Vetrarrepja	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Sólblómafræ (*)	—	X	X	X	X	R	X	X	X	R	X
Hörfræ (olíulín) (*)	—	—	—	—	X	R	—	—	X	X	—
Soja (*)	—	X	X	X	X	R	X	X	X	R	X
Baðmullarfræ (*)	—	—	—	—	—	—	—	—	X	X	—
Aðrar olíufræsurtir (*)	—	—	—	—	X	X	—	—	—	—	—
Trefjalínfræ	—	—	—	—	X	R	—	—	X	X	—
Hampur	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
Baðmullartrefjar	—	—	—	—	X	R	—	—	X	X	—

Afhendingarfrestur	Ræktunarland (1000 hektarar)						Uppskorin framleiðsla (1000 tonn)				Afrakstur (100 kg/ha)
	31. jan.	30. jún.	31. ág.	30. sept.	31. mars	30. sept.	30. sept.	31. okt.	31. mars	30. sept.	31. ág.
	árið n	árið n	árið n	árið n	árið n + 1	árið n + 1	árið n	árið n	árið n + 1	árið n + 1	árið n
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Humlar	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
Tóbak	—	—	—	—	X	R	—	—	X	R	—
Ilmjurtir, jurtir til lækninga og matreiðslu	—	—	—	—	X	X	—	—	—	—	—
Orkuplöntur ót. a.	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
Plöntur sem eru uppskornar í grænfóður	—	—	—	—	X	X	—	—	—	—	—
Einærar plöntur uppskornar í grænfóður	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
þar af: Grænfóðurmaís	—	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Kornvörur sem eru uppskornar í grænfóður	—	—	—	—	X	X	—	—	X	X	—
Belgjurtir	—	—	—	—	X	X	—	—	—	—	—
Skammær grös og beitajurtir	—	—	—	—	X	X	—	—	—	—	—

(ót. a. = ótalið annars staðar)

(*) Framleiðslutölur fyrir þessar vörur skulu gefnar upp með meðalrakastigi, sem hvert og eitt aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni í janúar/mars árið n + 1 (9. dálkur).

ATH: Mat fyrir dálka 1, 2, 3 og 11 er skyldubundið fyrir aðildarríki með meiri landsmeðalframleiðslu á ári síðustu þrjú árin en:

- 3 000 000 tonn af hveiti,
- 1 000 000 tonn af harðhveiti,
- 900 000 tonn af byggi,
- 100 000 tonn af rúgi og blöndu úr hveiti og rúgi,
- 1 500 000 tonn af maiskorni,
- 200 000 tonn af rúghveiti,
- 150 000 tonn af höfrum,
- 150 000 tonn af dúrru,
- 150 000 tonn af hrísgrjónum,
- 70 000 tonn af gráertum,
- 50 000 tonn af hestabaunum,
- 300 000 tonn af repju,
- 200 000 tonn af sólblómum,
- 60 000 tonn af soja,
- 700 000 tonn af kartöflum,
- 2 500 000 tonn af sykurrófum
- og 4 500 000 tonn af grænfóðurmaís.

Tafla 2

Grænmeti, melónur og jarðarber

Afhendingarfrestir	Land sem uppskorið er af (1000 hektarar)	Uppskorin framleiðsla (1000 tonn)
	31. mars árið n + 1	31. mars árið n + 1
	1	2
GRÆNMETI, MELÓNUR OG JARÐARBER	X	
Kál		
Blómkál og spergilkál	X	X
Hvítkál	X	X
Blað- eða stöngulgrænmeti		
Sellerí	X	X
Blaðlaukur	X	X
Salat	X	X
þar af: undir gleri eða háu, aðgengilegu skýli ⁽¹⁾	X	
Salatfíflar	X	X
Spínat	X	X
Sperglar	X	X
Kaffifíflar (síkoria)	X	X
Ætípastlar	X	X
Grænmeti ræktað sem ávextir		
Tómatar	X	X
þar af: Ferskir tómatar til neyslu	X	X
þar af: undir gleri eða háu, aðgengilegu skýli ⁽¹⁾	X	
Gúrkur	X	X
þar af: undir gleri eða háu, aðgengilegu skýli ⁽¹⁾	X	
Smágúrkur	X	X
Melónur	X	X
Vatnsmelónur	X	X
Eggaldin	X	X
Dvergbítar	X	X
Rauður pipar, spænskur pipar	X	X
þar af: undir gleri eða háu, aðgengilegu skýli ⁽¹⁾	X	
Rótar- og hnýðisgrænmeti og laukar		
Gulrætur	X	X
Hvítlaukur	X	X
Laukar	X	X
Skalottlaukar	X	X
Hnúðsilla	X	X
Hreðkur	X	X
Belgávéxtir	X	
Ertur	X	X
Baunir	X	X
Jarðarber	X	X
þar af: undir gleri eða háu, aðgengilegu skýli ⁽¹⁾	X	
Ræktaðir ætisveppir	X	X

⁽¹⁾ Skýldubundið mat fyrir aðildarríki þar sem uppskerusvæði er 500 ha eða meira.

Tafla 3

Fjölærar nytjaplöntur

Afhendingarfrestir	Ræktunarsvæði (1000 hektarar)	Uppskorin framleiðsla (1000 tonn)	
	31. mars árið n + 1	31. mars árið n + 1	30. sept. árið n + 1
	1	2	3
FJÖLÆRAR NYTJAPLÖNTUR	X		
Ávextir frá tempruðu beltunum			
Epli	X	X	
þar af: Fersk epli til neyslu		X	
Perur	X	X	
Ferskjur	X	X	
Nektarínur	X	X	
Apríkósur	X	X	
Kirsuber	X	X	
þar af: Kirsuber	X	X	
Plómur	X	X	
Berjategundir			
Sólber	X	X	
Hindber	X	X	
Hnetur⁽¹⁾			
Valhnetur	X	X	
Heslihnetur	X	X	
Möndlur	X	X	
Kastaníuhnetur	X	X	
Ávextir frá heittempruðu beltunum			
belunum Fikjur	X	X	
Kíví	X	X	
Lárperur	X	X	
Bananar	X	X	
Sítrusávextir⁽¹⁾	X		
Pómelónur og greipaldin	X		X
Sítrónur og súraldin	X		X
Appelsínur	X		X
Litlir sítrusávextir	X		X
Satsúmur	X		X
Klementínur	X		X
Vínekrur⁽¹⁾	X	X	
Vínekrur til vínframleiðslu	X	X	
þar af: Vín með verndaða upprunatáknun	X	X	
Vín með verndaða, landfræðilega merkingu	X	X	
Annað vín	X	X	
Vínekrur þar sem framleidd eru vínber til neyslu	X	X	
Vínekrur þar sem framleiddar eru rúsínur	X	X	
Ólífutré⁽¹⁾			
Ólífutré sem gefa af sér ólífur til átu	X	X	
Ólífutré sem notuð eru til framleiðslu ólífuolíu	X	X	

(1) Skyldubundið fyrir aðildarríki með 500 ha ræktunarsvæði innanlands eða meira

Tafla 4

Nýting landbúnaðarlands

Afhendingarfrestur	Aðalsvæði (1000 hektarar)
	30. sept. árið n + 1
Hagnýtt landbúnaðarsvæði	R
Akurland	R
Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn)	X
Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til framleiðslu á korni (þ.m.t. fræ og blanda af kornvörum og belgjurtum)	X
Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæði)	X
Sykurrófur (þó ekki fræ)	X
Iðnaðarplöntur	X
Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber	X
Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum)	X
Plöntur sem eru uppskornar í grænfóður	X
Aðrar nytjaplöntur á akurlandi	X
Hvíldarland	R
Fastagraslendi	R
Fjölærar nytjaplöntur	X
þar af:	
Ávaxta- og berjaekrur	R
Ólífuplantekrur	R
Vinekrur	R
Gróðrarstöðvar	X